

**Mál nr. 239/2019****M og  
V v/ ábyrgðartryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meints líkamstjóns af völdum bifreiðaáreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12.7.2019, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.  
Bréf V, dags. 7.8.2019, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 23. maí 2018 varð árekstur með þremur bifreiðum á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku í Reykjavík þar sem þeim var ekið til vesturs á hægri akrein. Var þá bifreiðinni A ekið aftan á bifreiðina B sem M ók og síðan var bifreiðinni D ekið aftan á A. M kvaðst hafa ekið í röð bifreiða og verið „næstum því stopp“ þegar A var ekið aftan á B. Ökumaður A kvaðst hafa ekið í röð bifreiða á hægri akrein og lítið af veginum í smá stund. Er hann leit aftur fram hafi allt verið „stopp“ fyrir framan og hafi hann lent aftan á B. Svo hafi D verið ekið aftan á A. Ökumaður D kvað A fyrir framan sig hafa verið nauðhemlað og hafi hann ekki náð að stöðva í tíma.

Daginn eftir leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Samkvæmt læknisvottorði heimilislæknis, dags. 26. júní 2018, hafði M fundið lítið til fyrst eftir slysið og sofið ágætlega en þegar hann hafi verið byrjaður að vinna daginn eftir hafi hann farið að fá verki vinstra megin í mjóbak. Verkirnir hafi komið og farið yfir daginn þótt hann hafi reynt að finna þægilega stöðu til þess að vera í. Á heilsugæslustöðinni hafi hann fengið almennar ráðleggingar og ráðlagt að taka Íbúfen 400 mg x 3 næstu fimm daga, notast við heita bakstra og ekki hlífa sér. Í heilsufarssögu M kom fram að hann væri með þekkta „scoliosu“ (hryggskekku) og farið í rannsóknir vegna þess. Í mars 2018 hafi hann verið sendur til meðferðar í sjúkrahjálfun vegna einkenna frá bakinu. Samkvæmt fyrirliggjandi sjúkraskrá heilsugæslustöðvarinnar mun M einnig hafa leitað þangað 11. júlí 2018 vegna einkenna sem hann rakti til slyssins. Segir í sjúkraskránni vegna þeirrar komu að M hafi kvíða vegna verkja sem hann virðist rekja til slyss einum og hálfum mánuði áður. Sjúkrahjálfari hafi gert plan en ekki fylgt æfingum eins og á að gera. Einkenni séu helst hægra megin, en ekki merki um brjós-klos og sé góður „inn á milli“.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við áreksturinn. V aflaði útreiknings á þyngdarhröðun ökutækjanna sem varð við áreksturinn. Við árekstur A og B var líklegasta gildi þyngdarhröðunar A samkvæmt útreikningnum talið vera - 1,36g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar B 1,03g. Við árekstur milli A og D var líklegasta gildi þyngdarhröðunar B talið vera 0,88g og líklegasta gildi þyngdarhröðunar D -0,90g. M.a. með vísan til þessa útreiknings hefur V hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Gögn málsins um það líkamstjón sem M kveðst hafa orðið fyrir eru mjög af skornum skammti, eða einungis fyrrgreint læknisvottorð og útskrift úr sjúkraskrá. Engrar matsgerðar hæfra og óvilhallra matsmanna hefur verið aflað um líkamstjónið. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að skemmdir á ökutækjum hafi orðið miklar við áreksturinn. Samkvæmt þessu, gögnum málsins að öðru leyti og gegn andmælum V verður að telja ósannað að M hafi orðið fyrir meiðslum af völdum árekstursins. Hann telst því ekki eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 10. september 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.